

London, 1. febrúar 2012

**Siðanefnd**  
c/o Blaðamannafélag Íslands  
Síðumúla 23  
108 Reykjavík

Vegna upplýsinga, sem borist hafa mér frá forseta Alþingis og öllum þremur nefndarmönnum í rannsóknarnefnd Alþingis, óska ég eftir að siðanefnd Blaðamannafélags Íslands taki afstöðu til þess hvort ástæða sé til að endurskoða niðurstöðu nefndarinnar í máli 6/2010-2011.

Í nóvember 2010 lagði ég fram kæru á hendur fréttastofu RÚV, Óðni Jónssyni fréttastjóra og Sigrúnu Davíðsdóttur fréttamanni. Tilefnið var umfjöllun Sigrúnar Davíðsdóttur í Speglinum, fréttaskýringaþætti RÚV.

Í úrskurði nefndarinnar, dags. 4. janúar 2011, kom fram að eftir að kæran var lögð fram „grennslaðist kærða eftir því hjá höfundum rannsóknarskýrlunnar hver réttur skilningur á umfjölluninni væri.“

Nú hefur forseti Alþingis staðfest að rannsóknarnefndin létt af störfum í apríl 2010, um leið og hún skilaði skýrslu sinni til Alþingis. Þá hafa allir þrír nefndarmenn í rannsóknarnefndinni lýst því yfir að þeir hafi ekki svarað neinum fyrirspurnum um efni skýrslunnar. Tveir nefndarmanna, Páll Hreinsson og Tryggvi Gunnarsson, staðfesta sérstaklega að þeir hafi ekki svarað neinum fyrirspurnum frá Sigrúnu Davíðsdóttur um atriði sem varða mig og viðskipti míni og nefnd eru í skýrslunni.

Þessar afdráttarlausu yfirlýsingar er ekki hægt að skilja á annan veg en þann, að Sigrún Davíðsdóttir hafi farið með rangt mál fyrir siðanefnd Blaðamannafélagsins. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort rangur framburður fyrir siðanefnd hafi einhverjar afleiðingar fyrir þann sem verður uppvís að rangfærslunum. Og hvort siðanefnd telur ástæðu til að taka málið upp aftur, í ljósi þess að fréttamaðurinn virðist hafa vísað ranglega til heimilda.

Þá leyfi ég mér að minna á fyrri aðfinnslur talsmanns míns við feril mála fyrir siðanefnd. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir fengust hvorki Sigrún, fréttastjóri RÚV né siðanefnd til að opinbera greinargerð hinna kærðu í málinu. Upplýsingar um heimildavísun fréttamannsins hefðu legið í þagnargildi ef þær hefðu ekki ratað í úrskurðinn sjálfan.

Virðingarfyllst,



Björgólfur Thor Björgólfsson

Svar óskast sent til talsmanns míns:  
Novator  
c/o Ragnhildur Sverrisdóttir  
Óðinsgötu 5  
101 Reykjavík